

Langtímaáætlun DKG á Íslandi

Áætlun um þróun samtakanna til næstu 10 ára

Alþjóðasamband DKG hvetur til þess að landsambönd geri langtímaáætlun um starf samtakanna. Slík áætlun er rammi um starfið, en hver stjórn aðlagar áætlunina að sínum markmiðum og þeim verkefnum sem hún vill vinna að í samstarfi við framkvæmdaráð.

Yfirlit

Líf og vöxtur samtakanna byggir á því að stöðug endurskoðun sé í gangi og samtökin séu mótuð og þróuð til að þau haldi áfram að vaxa og eigi framtíð fyrir sér. Langtímaáætlunin er gerð af stjórn samtakanna í samráði við framkvæmdaráð og hún setur í orð þá sýn sem stjórnin hefur á framtíð samtakanna og þær áskoranir og þau tækifæri sem samtökin standa frammi fyrir. Í áætluninni eru sett fram markmið til að efla samtökin með því að gera reynslu félaga á öllum aldri og í mismunandi tegundum fræðslustarfa eins góða og mögulegt er og tryggja þannig framtíð samtakanna.

Stefnu yfirlýsing

Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma stuðla að auknum fræðilegum og persónulegum þroska kvenna í fræðslustörfum og gæðum í menntun og uppeldisstörfum

Sýn

Forystukonur í fræðslustörfum til áhrifa á menntun um allan heim

Markmið samtakanna eru:

- Að efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum/fræðslustörfum víðsvegar í heiminum.
- Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju sviði menntamála/fræðslumála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
- Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
- Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
- Að veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan samtakanna.
- Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.

- Að fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnámálum og menntámálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

Uppbygging áætlunarinnar

Farið er frá víðum og almennum áherslum til sértækra aðgerða

- **Áherslur** (víð áhersla um áskoranir/málefni sem við ætlum að takast á við.
- **Frumkvæði** (möguleikar)
- **Markmið** (mælanlegur árangur)
- **Aðgerðir** (sérstakar ákvarðanir eða aðgerðir til að styðja við mælanleg markmið)

Áherslur langtímaáætlunarinnar

Um er að ræða 4 víðar áherslur:

1. Að þátttaka í samtökunum efla og styðji félagskonur og bjóði upp á möguleika, til að vaxa og þroskast í starfi samtakanna
2. Að efla samtökin á Íslandi þannig að félagskonur upplifi sig sem hluta af heildarsamtökum, sem þær eru stoltar að taka þátt í
3. Að samtökin séu þekkt og virt í samfélaginu fyrir starf sitt að fræðslumálum
4. Að þróa aðferðir, verkfæri og verkefni, sem efla starfsemina

Áætlunin er gerð á grundvelli þeirra laga og reglugerðar, sem í gildi eru hjá alþjóðasamtökunum og íslensku lögin og reglugerðin taka mið af. Mikilvægt er að áætlunin sé tekin fram með reglulegum hætti og farið yfir hverju hefur verið náð og hverju ekki. Aðlaga þarf hana að breyttum aðstæðum og hver stjórn leggur sínar áherslur. Það er hlutverk framkvæmdaráðs að fylgjast með því hvernig áætlun er framfylgt og leggja til áherslur og breytingar.

1. **Að þátttaka í samtökunum efla og styðji félagskonur og bjóði upp á möguleika, til að vaxa og þroskast í starfi samtakanna**

DKG samtökin vilja hafa áhrif á persónulegan og faglegan þroska félagskvenna sem starfa að fræðslumálum. DKG styður félagskonur í lífi og starfi með því að bjóða þeim upp á möguleika til að efla leiðtogaþæfni sína, kynna fyrir þeim möguleika á námsstyrkjum á vegum samtakanna héraendis og erlendis, hvetja til þátttöku í starfi samtakanna erlendis, veita aðgang að faglegu og fræðilegu efni og möguleikum til að koma þekkingu sinni á framfæri innan samtakanna. Leiðtogaþjálfun er reglulegur liður í starfi samtakanna og eru félagskonur hvattar til að láta til sín taka í fræðslumálum innan og utan samtakanna.

1.A Að þátttaka í samtökunum sé gefandi og góð fyrir félagskonur

1.A.1 Fundir séu fræðandi, efnisval fjölbreytt og mikilvæg málefni tekin fyrir

1.A.2 Andi einkunnarorða einkenni fundina; Vinátta, trúmennska, hjálpssemi

1.A.3 Deildir séu hvattar til að fjölga félagskonum með fjölbreytileika í fyrirrúmi

1.A.4 Að deildum sé fjölgað þannig að samtökin eigi deildir um allt land

1.A.5 Að fundarsköp séu í heiðri höfð, svo og lög og reglur samtakanna

1.B Að hvetja konur til virkni

1.B.1 Félagskonum sé gefinn kostur á virkni innan samtakanna og þær hvattar til dáða; bæði í starfi deildar og starfi landssambandsins t.d. með setu í stjórnnum, nefndum og með framlagi til funda

1.B.2 Félagskonum séu kynntir möguleikar á styrkjum sem í boði eru innanlands og utan og þær hvattar til að sækja um

1.B.3 Að ráðstefnur á vegum samtakanna innan lands og utan séu kynntar og konur hvattar til að sækja þær, svo og landssambandsþing og alþjóðþing

1.B.4 Að félagskonur séu hvattar til að koma þekkingu sinni og hæfni á framfæri með því að skrá upplýsingar inn á Þekkingarhnapp á dkg.is og leita eftir því að vera fyrirlesarar á vegum ISF (International Speakers Fund)

1.B.5 Að leitað sé til kvenna innan samtakanna, sem eru tilbúnar til að miðla af þekkingu sinni og reynslu (m.a. Þekkingarforðinn á vef dkg.is)

1.B.6 Að hvetja konur til að skrifa greinar um fagleg málefni í þau rit sem gefin eru út af samtökunum

1.B.7 Að virkja þær konur sem eru í námi á meistara- eða doktorsstigi og hvetja til dáða

1.C Að efla leiðtogahæfni félagskvenna

1.C.1 Að landssambandið bjóði deildum upp á námskeið og fyrirlestra sem efla leiðtogafærni félagskvenna

1.C.2 Félagskonur séu kynntar fyrir alþjóða- og Evrópustarfinu og möguleikum á að taka að sér störf í nefndum eða stjórnnum á evrópskum eða alþjóðlegum vettvangi

1.C.3 Félagskonur séu hvattar til að sækja um Golden Gift námskeiðið á vegum alþjóðasamtakanna

2. Að efla samtökin á Íslandi þannig að félagskonur upplifi sig sem hluta af heildarsamtökum, sem þær eru stoltar af að vera þátttakendur í

Þegar um deildaskipt samtök er að ræða er hætta á því að deildir einangrist og félagskonur upplifi sig ekki sem hluta af þeirri heild sem samtökin eru. Um leið og deildin er mikilvægur kjarni og grunnur í starfsseminni er einnig mikilvægt að augum félagskvenna sé beint út fyrir deildina og að starfi annarra deilda, starfinu í landssambandinu, Evrópusamstarfinu og alþjóðasamtökunum. Þannig eru tengsl innan samtakanna eflað.

2.A Að auka samstarf innan landssambandsins/samtakanna

2.A.1 Deildir hafi samstarf um fundi eða bjóði öðrum deildum eða konum úr öðrum deildum á fundi til sín

2.A.2 Að deildir taki sig saman um að halda viðburði

2.A.3 Að hvetja til að deildir sammælist um að fjölmenna á viðburði sem haldnir eru á vegum samtakanna

2.A.4 Auka upplýsingastreymi innan landssambandsins

2.A.5 Að efla fjölbreytni og margmenningarlega vitund

2.B Að gera Ísland gildandi á alþjóðavettvangi samtakanna

2.B.1 Að kynna fyrir félagskonum starfsemi alþjóðasamtakanna og nefnda á vegum þess

2.B.2 Að hvetja konur til að sækja um setu í nefndum á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi eða taka að sér önnur ábyrgðarstörf fyrir samtökin

2.B.3 Að hvetja konur til að sækja viðburði á vegum alþjóðasamtakanna

3. Að samtökin séu þekkt og virt í samfélaginu fyrir starf sitt að fræðslumálum

Samtökin gera sig gildandi með því að góð málefni, sem þau vinna að séu sýnileg fleirum en félagskonum. Það er því mikilvægt að vakin sé athygli á samtökunum gegnum það sem vel er gert innan samtakanna og einnig að vakin sé athygli á framgangi og árangri félagskvenna við sem flest tækifæri bæði inni í samtökunum og utan þeirra.

3.A Vinna að góðum málefnum

3.A.1 Á árlegum framkvæmdaráðsfundi eru valin málefni til að vinna að.

3.A.2 Gerð er kynningaráætlun um málefni, sem ákveðið er að vinna að.

3.B Vekja athygli á árangri

3.B.1 Samtökin leggja sig fram um að fylgjast með árangri félagskvenna og kynna á eigin vef og víðar ef kostur er

3.C Samtökin kynnt út á við

3.C.1 Deildir bjóða til opins fundar sitt í hvoru lagi eða saman til að kynna samtökin fyrir fleirum

3.C.2 Félagskonur tali vel um samtökin og kynni þau eftir því sem tækifæri gefast t.d. á vinnustöðum, í starfi annarra félaga o.fl.

3.C.3 Vandað sé til opinberra viðburða í nafni DKG, þannig að sómi sé að

3.C.4 Sendar eru út fréttatilkynningar um viðburði innan samtakanna

3.C.5 Lögð er áhersla á að kynna viðburði á vegum samtakanna opinberlega með viðtölum, fréttum eða á félagslegum miðlum

3.C.6 Stofnað verði embætti kynningarstjóra, sem vinnur náið með vefstjóra og forseta að því að kynna samtökin út á við

3.C.7 Efna til samstarfs við aðra aðila um málefni sem eru efst á baugi, t.d. Háskólana, félög eða samtök sem tengjast málefnum

3.C.8 Hvetja konur til að vera virkar í umræðum um menntamál og sínu sviði/landssvæði

4. Að þróa aðferðir, verkfæri og verkefni sem efla starfsemina

Til að starfið sé árangursríkt er mikilvægt að öll gögn um starfsemina séu aðgengileg, uppfærð og af miklum gæðum. Stöðugt sé hugað að því hvernig landssamband geti þjónustað deildir betur. Leitað sé eftir því að ná samstöðu um verkefni, sem samtökin sem heild geti staðið að, verið stolt af og kynnt inn á við og út á við.

4.A Sjá til þess að efni sé aðgengilegt á vefsíðunni dkg.is

4.A.1 Efni fyrir formenn sé uppfært með reglulegum hætti svo og aðra embættismenn

4.A.2 Félagatalið sé uppfært árlega

4.A.3 Vefsíðan sé yfirfarin og endurnýjuð á 5 ára fresti

4.A.4 Deildir uppfæri undirsíður deildanna á vefnum dkg.is, þannig að upplýsingar séu uppfærðar með nýjustu upplýsingum

4.A.5 Fundadagatal á vefsíðu sé uppfært reglulega

4.B Námsstyrkjasjóður

4.B.1 Reglur um námsstyrkjasjóð séu uppfærðar reglulega

4.B.2 Veitt er úr sjóðnum á landssambandsþingi

4.C Þekkingarforðinn

4.C.1 Samstöðu verði náð innan samtakanna um að efla þekkingarforðann og nýta hann

4.C.2 Félagskonur verði hvattar til að skrifa greinar um fræðslumál og setja á hnappinn þekkingarforðinn á dkg.is

4.D Leita eftir hugmyndum að verkefnum innan samtakanna, sem samstaða ríkir um og landssambandið hafi forgöngu um að ýta þeim úr vör.

4.D.1 Stjórn landssambandsins leggi tillögu fyrir framkvæmdaráð um verkefni sem unnið skuli að á kjörtímabili hvernar stjórnar

4.D.2 Deildir leggi hugmyndir sínar að verkefnum, sem gætu verið sameiginleg fyrir nýja stjórn landssambandsins, áður en framkvæmdaáætlun er gerð.

Samþykkt af framkvæmdaráði í apríl 2021